

Mentorarar

Sprotasjóður Mennta – og
menningarmálaráðuneyti



FJÖLBRAUTASKÓLINN Í BREIÐHOLTI 2010-2011

Verkefnisstjórn: Ágústa Unnur Gunnarsdóttir, Þorbjörg Rún Eysteinsdóttir og Þórdís Hauksdóttir

Efnisyfirlit:

Markmið verkefnisins	bls 3
Leiðir sem valdar voru að markmiði.....	bls 4
Frávik miðað við áætlun verkefnisins.....	bls 6
Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins.....	bls 7
Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið.....	bls 7
Mat á verkefninu samkvæmt umsókn.....	bls 8
Heldur verkefnið áfram innan skólans?.....	bls 9
Hefur verkefnið eða mun það hafa áhrif á skólastarfið í heild?.....	bls 10
Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum.....	bls 11

Markmið verkefnisins

Markmið verkefnis var og er fyrst og fremst að nemendur Fjölbrautaskólans í Breiðholti þjálfist í að aðstoða aðra nemendur bæði félagslega og námslega. Ennfremur að efla jafningjastuðning og efla stuðning eldri erlendra nema við yngri samlanda með skipulögðum hætti. Markmiðið er ekki síður að virkja erlenda nemendur til þátttöku í félagslífi og efla félagshæfni þeirra sem og sjálfstraust og síðast en ekki síst styrkja þau í námi. Markmiðið var einnig að koma á mentorkerfi í skólanum sem yrði hluti af skólalastarfinu og sem gæti jafnvel orðið valáfangi í skólanum. Mentorkerfið á að efla bæði nemendur sem veita aðstoð og þá sem aðstoðina þiggja þ.e. bæði mentorar og mentísar njóta góðs af sameiginlegri vinnu. Markmiðið var einnig að auka flæði á milli erlendra og innlendra nema. Á innflytjendabraut skólans eru um 50 nemendur og eru tveir fjölmennustu hóparnir frá Filipseyjum og Póllandi. Hætta er á að erlendu nemarnir einangrist og fjölmennustu landarnir hópist saman og er mentorvinnan liður í að aðstoða þau við að samlagast íslenskum nemendum meira og auka þátttöku þeirra í félagslífi skólans, ásamt því að styrkja þau námslega með aðstoð við heimanám. Mentorvinnan er því margþætt og krefst mikils utanumhalds ef vel á að standa að verki.





Leiðir sem valdar voru að markmiði

Fyrri hluta verkefnisins skiptum við vinnunni í tvennt. Annars vegar völdum við nokkra erlenda nema sem höfðu áhuga á að aðstoða börn á grunnskólaldri af sama uppruna í Gerðubergi í svokölluðum „Heilahristingi“ og hinsvegar völdum við íslenska og erlenda nemendur sem aðstoðuðu jafningja sína í skólanum. Til að sinna börnum á grunnskólaaldri fóru nokkrir erlendir nemendur á bókasafnið í Gerðubergi í samvinnu við Rauða Krossinn og Borgarbókasafnið og veittu námsaðstoð einu sinni í viku. Verkefnið kallast Heilahristingur og var FB boðið að taka þátt sem við þáðum. Við völdum sérstaklega góða og viljuga nemendur sem við buðum að taka þátt í verkefninu með það að markmiði að aðstoða samlanda sína og jafnframt var þarna komið tækifæri til að hjálfa þau til þess að verða mentorar seinna meir í FB. Þau þáðu boðið með þökkum og voru til sóma í aðstoðinni.



Erlendir nemendur að aðstoða samlanda sína við heimanám í stærðfræði í Gerðubergi.

Leiðir sem valdar voru að markmiði

Við byrjuðum á því að velja nemendur sem gætu verið mentorar. Við völdum 10 góða og félagslega sterka nemendur bæði íslenska og erlenda sem tóku að sér að vera mentorar. Nemendur voru mjög viljugir að taka þátt í verkefninu. Ákveðið var að festa 2 tíma í töflu hjá öllum þátttakendum og kalla áfangann MEN101. Tímarnir urðu samtals 30 sem gefa mentorum eina einingu. Að sjálfsögðu voru allir tilbúnir í vinnuna án þess að fá einingu fyrir en einingin er samt sem áður bæði hvatning og viðurkenning sem er vel þegin. Til þess að velja mentísa gerðum við greiningu á námslegri og félagslegri stöðu þeirra nemenda sem við töldum að þyrftu mest á aðstoð að halda. Út frá þeirri greiningu völdum við 20 manna hóp sem myndi þiggja aðstoðina. Hópurinn var þá orðinn 30 manns. Í upphafi var haldið undirbúningsnámskeið bæði fyrir mentora og mentísa. Við höldum námskeið þar sem farið var yfir helstu þætti vinnunnar framundan. Nemendum var gert að halda dagbók yfir hvert skipti sem þau hittust og gert að skila möppu um ferlið í lok annar og það gekk eftir. Tvisvar sinnum yfir önnina var nemendum gert að koma í viðtal við sinn verkefnisstjóra þar sem farið var yfir stöðu mála en verkefnisstjórar skiptu með sér hópnum.

Til þess að efla félagslega þáttinn völdum við ýmsar leiðir. Meðal annars settum við upp svokallað menningarmót eða Fljúgandi teppi. Á fyrstu vikum verkefnisins kom Kristín Vilhjálmsdóttir fjölmenningsstjóri Borgarbókasafnsins og hélt fyrirlestur og kynnti verkefnið „Fljúgandi teppi“ bæði fyrir kennurum og nemendum í mentoráfanganum. Í framhaldinu héldum við „Menningarmót eða Fljúgandi teppi“ sem heppnaðist vel. Það var haldið á sal skólans og var opið öllum bæði nemendum og kennurum skólans. Mótið heppnaðist mjög vel.



Á menningarmótum kynnir maður áhugamál sín, menningu og ýmsa persónulega hluti sem tengjast manni tilfinningalega. Mótið var haldið í matsal FB og voru allir velkomnir, bæði nemendur og starfsfólk skólans. Mótið tókst einstaklega vel og er áhugi á að þetta verði árviss viðburður.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Seinni hluta verkefnisins gerðum við smá breytingar. Fleiri nemendur óskuðu eftir því að fá að taka þátt í mentorverkefninu og það varð úr að við settum alla 50 erlendu nemendur skólans sem voru á innflytjendabraut í mentorkerfið og að auki 10 íslenska nemendur. Í sumum tilfellum voru mentorar með fleiri en einn mentís á sínum snærum. Við festum sama tíma í stundtöflu hjá öllum, bæði mentorum og mentís, íslenskum sem erlendum. Þannig bjuggum við til vettvang þar sem við náðum til allra nemenda á innflytjendabraut í einu sem var að mörgu leyti kostur en ókosturinn var sá að þetta var mjög stór hópur sem krafðist mikillar skipulagningar. Í mentortímum aðstoðuðu mentorar mentísa eins og áður bæði

félagaslega og námslega og sú breyting varð nú að við fengum ýmsa faggreinakennara til að veita stuðningskennslu í einstökum greinum þeim nemendum sem stóðu illa að vígi og sem mentorarnir réðu ekki við að aðstoða.

Ýmsar leiðir voru farnar til að hrista saman nemendahópinn bæði til að opna samskiptin og efla félagstengsl. Í upphafi verkefnis höfðum við skemmtikvöld til að hrista hópana saman. Nemendur skipulögðu sjálfir ýmsa leiki og ísbrjóta þar sem markmiðið var að læra nöfn allra og kynnast á nýjum forsendum. Nemendur komu með fjölbreyttan mat frá heimalandi sínu og má segja að fjölskrúðug og litrík menning hafi lífgað upp á gráma hversdagsins. Annað sem við gerðum til að undirbúa hópinn undir verkefnið var að við skiptum hópnum í nokkra litla 10 manna hópa og héldum örnámskeið fyrir hópana þar sem við kynntum fyrir þeim hvað það felur í sér að vera menor og mentís og mikilvægi samstarfsins. Nemendur tjáðu einnig sína upplifun á fjölmenningu skólans. Seinni hluta haustannar var haldið skemmtikvöld tileinkað jólasíðum, íslenskir nemendur kynntu ýmsar jólahefðir á Íslandi og hinir erlendu ýmsar hátíðarhefðir frá sínu heimalandi. Þar var einnig fjölmenningarlegur matur á borðum. Á tímabilinu var farið í ýmsa leiki til að efla andann og styrkja samskiptin svo sem hópefli og ratleiki jafnt innan dyra sem utan. Verkefninu lauk með vorferð.




Hópefli í íþróttahúsi

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Við teljum okkur hafa komist vel í gegnum verkefnið eins og til stóð, þeir hnökrar sem við sáum á fyrri hluta verkefnisins leystum við eftir bestu getu í seinni hlutanum. Helstu hindranir voru þær að sumir nemendur þurftu mun meiri aðstoða bæði félagslega og námslega en þá sem mentorar gátu veitt og hversu stór hópurninn var sem þurfti á aðstoð að halda.

Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið

Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið er öflugra skólastarf, ánægðari nemendur, meiri tengsl og meiri umgangur á milli íslenskra og erlendra nemenda. Námsgeta hefur styrkst svo og félagsleg tengsl og félagslegur stuðningur aukist, bæði innan skólans sem utan. Nemendum finnst nú sjálfsagt og eðlilegt að mentoráfangi sé hluti af skólastarfinu og áhugi á þátttöku hefur aukist.



Mat á verkefninu samkvæmt umsókn.

Mat á markmiðum verkefnisins var metið út frá viðtölum við mentora og mentísa sem og í tengslum við yfirferð á möppum. Einnig út frá samtölum við kennara nemenda af innflytjendabraut sem lýsa ánægju sinni með námsaðstoð nemendanna. Mentorar og mentísar hafa hist utan skólatíma í frístundum og báðir aðilar telja sig hagnast á því. Nokkrir mentorar töluðu um hversu erfitt það væri að kynna erfiðum aðstæðum sumra mentísa en með samtölum við verkefnisstjóra var hægt að styðja við bakið á þeim svo og létta álagið með því að skipta um mentora við annaskiptin, þ.e. ekki láta sama nemandann hafa sama mentorinn endilega á hverri önn. Markmiðum verkefnisins var fullnægt að stærstum hluta varðandi námsaðstoð og félagsstuðning eins og hægt var. Alltaf má gera betur og starfið heldur áfram

Mentorar
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

og mun þróast og aðlagast þeim breytingum er verða á nemendahópnum og skólastarfinu. Samkvæmt einkunnayfirliti og einingafjölda nemenda af innflytjendabraut á haustönn 2010 er freistandi að álykta að mentor áfanginn hafi haft jákvæð áhrif á námsárangur. Nemendur af innflytjendabraut hafa aldrei lokið jafnmörgum einingum á önn og þau gerðu á haustönn 2010. Einnig er gleðilegt að fylgjast með stigvaxandi samskiptum erlendra nemenda sín á milli sem og íslenskra og erlendra nemenda í kjölfar starfsins.

Heldur verkefnið áfram innan skólans?

Skólayfirvöld Fjölbrautaskólans í Breiðholti hafa ákveðið að mentoráfanginn verði nú hluti af skólastarfinu. Stefnt er að því að hafa áfangann í töflu hjá þeim sem taka þátt í verkefninu. Tímafjöldi verður áfram 2 tímar á viku og mun einn kennari halda utan um hópinn. Hópurinn verður því minni nú en vonandi verður hægt að auka starfið með auknum fjárframlögum yfirvalda. Gert er ráð fyrir að áfanginn verði valáfangi og heiti MEN101. Í áfanganum verða bæði innlendir og erlendir nemar. Mentorvinnan mun fara fram á ýmsum stöðum í skólanum enda tilgangurinn að nemendur blandist sem mest nemendahópnum. Sumir munu vinna í námsveri, aðrir í matsal og enn aðrir í litlum hópum í stofum eða á bókasafni. Reynsla verkefnisins verður nýtt eins og hægt er og mun starfið verða brotið upp með hópefli, skemmtikvöldum og vettvangsferð. Við erum tilbúin til að kynna verkefnið fyrir öðrum skólum og aðstoða eftir fremsta megni þá sem hafa áhuga á að kynna sér starfsemina.

Mentorar
Fjölbrotaskólinn í Breiðholti



Skemmtikvöld mentora og mentísa



Hefur verkefnið eða mun það hafa áhrif á skólastarfið í heild?

Verkefnið hefur nú þegar haft margvísleg áhrif á skólastarfið í heild sinni. Með mentorkerfinu er kominn vettvangur fyrir íslenska nemendur að nálgast erlenda nemendur á óþvingaðan og eðlilegan máta. Ánægja nemenda með starfið spyrst út og er verkefnið nú orðið nokkuð þekkt meðal annarra nemenda í skólanum. Margir sýna verkefninu áhuga og skapar það jákvæða umræðu um mikilvægi fjölmennningarinnar. Einnig má segja að mentor áfanginn minnki álag á kennurum skólans sem í mörgum tilfellum hefur verið ærið. Margir kennarar sem kenna nemendum af innflytjendabraut hafa haft áhyggjur af því að kennslan skili sér ekki fullkomlega til þeirra vegna tungumálaörðugleika og finnst gott að vita að nemendur fái aðstoð við heimanám í formi mentorvinnunnar.




Lokahóf verkefnisins undirbúið

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Verkefnið hefur nú þegar verið kynnt allvel fyrir nemendum og kennurum skólans. Á kennarafundi hélt verkefnisstjóri erindi og kynningu á mentorverkefninu við góðar undirtektir. Á opnu húsi skólans þar sem skólinn var kynntur fyrir almenningi var mentorverkefnið kynnt og ennfremur voru mentorar og mentísar fengnir til að ganga með hópa um skólann og starfsemin kynnt rækilega. Á heimasíðu skólans hafa komið auglýsingar og tilkynningar um starfið í mentoráfanganum ásamt myndum og fréttatilkynningum um starfsemina.

Dags. 30. apríl 2011



Ágústa Unnur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri



Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari FB

